

Starfsreglur þjónusturáðs Bergrisans bs.

Hlutverk og markmið

1. Þjónusturáð er skipað yfirmönnum eftirtalinnna félagsþjónustusvæða: Velferðarþjónustu Árborgar, Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, Fjölskyldu- og fræðslusviðs Ölfus, Fræðslu- og velferðarsviðs Hveragerðis
2. Þjónusturáð fundar að jafnaði aðra hverja viku og skilar fundargerðum til stjórnar Bergrisans bs. Fundargerðir þurfa samþykki stjórnar Bergisans og teljast þá hafa öðlast gildi.
3. Þjónusturáð er skipað fimm aðalmönnum og fimm til vara. Velur þjónusturáð sér formann á fyrsta fundi þjónusturáðs hvert ár.
4. Á fundum þjónusturáðs situr starfsmaður ráðsins og ritar hann fundargerð. Starfsmaðurinn er tengill fagteymis við þjónusturáð.
5. Fulltrúar í þjónusturáði eru áheyrnarfulltrúar á stjórnarfundum Bergrisans bs. og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar þjónusturáðs hafa ekki atkvæðisrétt á stjórnarfundum Bergisans bs.
6. Þjónusturáð skipar fagteymi Bergisans. Í fagteymi sitja fimm sérhæfðir starfsmenn í málefnum fatlaðs fólks og fagaðilar í velferðar-/félagsþjónustu sveitarfélaga og fimm til vara.

Meginviðfangsefni

Meginhlutverk Bergisans bs. er að tryggja að þjónusta við fatlað fólk sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og ríkjandi hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks hverju sinni. Þjónusturáð Bergisans starfar í umboði stjórnar og á í nánu samstarfi við verkefnastjóra Bergisans bs.

Þjónusturáð sinnir stefnumótandi verkefnum, þ.e. það gerir tillögur um verkefni sem teljast stefnumótandi í samvinnu við verkefnastjóra Bergisans. Ráðið er í virku samráði við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

Starfsskyldur:

Þjónusturáð Bergisans bs. skal vinna samkvæmt starfsreglum þessum og öðrum reglum sem um málaflokkinn gilda:

1. Lögum og reglugerðum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem tengjast málefnum fatlaðs fólks.
2. Öðrum samþykktum og reglum sem stjórn Bergisans setur og snúa að starfsháttum og varða verksvið þjónusturáðs.

Helstu verkefni:

1. Vinnur að stefnumótun og aðgerðaráætlun í málefnum fatlaðs fólks í samvinnu við verkefnastjóra Bergisans bs.
2. Vinnur að heildarmarkmiðum varðandi gæði þjónustu.
3. Gerir tillögur til stjórnar Bergisans varðandi stefnumótun.
4. Gegnir samhæfingarhlutverki, tryggir innleiðinu samhæfðs verklags á sínu þjónustusvæði.
5. Eftirlit með faglegri þjónustu, starfs- og fjárhag og rekstri þeirra úrræða sem heyra undir þjónustusvæði hvers fulltrúa og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.

6. Vinnur að úrbótum á rekstri og framkvæmd þjónustunnar og tekur þátt í þróun nýrra úrræða.
7. Leggur fram erindi til stjórnýslu Bergrisans bs. fyrir hönd síns þjónustuvæðis.
8. Ber ábyrgð á að tryggja innleiðingu og framkvæmd þeirra erinda sem stjórn Bergrisans hefur samþykkt.
9. Vinnur ársskýrslu þjónusturáðs í samvinnu við starfsmann ráðsins og birtir fyrir maí ár hvert. Í ársskýrslu skal m.a. birt samantektin tölfraði um þjónustuna og birtar niðurstöður og upplýsingar í samræmi við stefnu í málaflokknum og árangursmælikvarða.

Réttindi og skyldur:

Þjónusturáð skal gæta trúnaðar í öllum málum sem það vinnur að og helst sá trúnaður eftir að fulltrúi lætur af setu í ráðinu.

Endurskoðun starfsreglna

Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti

Sérhver fulltrúi í þjónusturáði fær afrit af starfsreglunum

Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 15.05.2023

Samþykkt af stjórn Bergrisans bs. 15.05.2023